

Inngangur og kröfugerð

Með vísan til ákvæðis 1. mgr. 193. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er þess hér með farið á leit við Endurupptökudóm að dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 610/2007 um eignarhlutföll á Ytri-Sólheimum öllum eða Sólheimatorfu verði tekið til meðferðar og dómsuppsögu að nýju. Svo sem sýnt verður fram á í erindi þessu eru uppfyllt lagaskilyrði fyrir endurupptöku málsins, sbr. ákvæði 191. gr. sömu laga.

Ég byggji kröfu mína um endurupptöku einkum á 5 málsgögnum. Þessi málsgögn eru að mínu mati fullnægjandi sannanir um að Hæstiréttur Íslands hafi á mér brotið. Þessi sönnunargögn eru:

1. Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 610/2007.
2. Heimild frá 1847.
3. Heimild frá 1806.
4. Heimild frá 1760.
5. Heimild frá 1753 – ný heimild.

Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína greinilega á tveimur, lögformlega og rökfræðilega réttum máttarstólpum.

- Fyrsti máttarstólpinn er prentuð jarðabók 1847; sem er uppskrift úr fjölda handrita á undanfarandi 200 árum, þ.e. *Jarðatal Johnsens 1847*.
- Annar máttarstólpinn er handrit, jarðabók, frá 1760, sem er uppskrift úr nokkrum handritum á undanfarandi 100 árum, þ.e. *Jarðabók Skúla fógeta 1760*.

Allir armar ríkisvaldsins hafa metið þessa máttarstólpa mikilsverðar og trúverðugar heimildir og samkvæmt því hvernig Ytri-Sólheimar eru skráðir í þessum tveimur heimildum féll dómur réttarins þann 2.10.2008 og ég tapaði málinu.

Af hverju var dómurinn rangur? Báðir máttarstólparnir vísa kerfisbundið til frumheimilda. Slíkar tilvísanir eru mörg þúsund fyrir nokkur þúsund jarðir á Íslandi.

- Máttarstólpinn; jarðabók 1847 vísar á landsvísu kerfisbundið og skýrt til frumheimildar frá 1806.
- Máttarstólpinn; jarðabók 1760 vísar á landsvísu kerfisbundið og skýrt til frumheimildar frá 1753 – ný heimild.

Rök Hæstaréttar í máli nr. 610/2007 eru að máttarstólparnir gefa ekki upp heildardýrleikann 100 H fyrir Sólheimatorfu. Dómstóllinn kveður upp þann úrskurð að vafi leiki á heildardýrleika Sólheimatorfu. Hæstarétti láðist að athuga að:

- Máttarstólpinn; jarðabókin 1847 hefur ranga tilvísun í frumheimildina frá 1806.
- Máttarstólpinn; jarðabókin 1760 hefur ranga tilvísun í frumheimildina frá 1753 – ný heimild.

Niðurstaða mín er skýr: Dómstóllinn byggði dóm sinn þann 2.10.2008 á falskri tilvísun í *Jarðatali Johnsens 1847* og falskri tilvísun í *Jarðabók Skúla 1760*.

Þegar tilvísanirnar eru rannsakaðar er ljóst að:

- *Jarðatal Johnsens 1847* hefur ranga tilvísun í frumheimildina *Jarðabók 1806*.
- *Jarðabók Skúla 1760* hefur ranga tilvísun í frumheimildina *Jarða- og bændatal 1753* – ný heimild.

Þannig að báðar stoðirnar, sem Hæstiréttur notar, eru rangar. Dómurinn í máli nr. 610/2007 samkvæmt því er hruninn; er rangur.

Lagaskilyrði endurupptöku eru uppfyllt

Krafa undirritaðs byggir á öllum stafliðum 1. mgr. 191. gr. laga nr. 91/1991. Gögn sem beiðni þessi byggir á sýna að sterkar líkur eru á að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar og að undirrituðum verði ekki um það kennt, sbr. a. lið 1. mgr. 191. gr. laganna. Í öðru lagi eru hér færðar fram sterkar líkur fyrir því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum, sbr. b. lið 1. mgr. 191. gr. laganna, og í þriðja lagi verður sýnt fram á að þar sem um aleigu undirritaðs var að ræða telst uppfyllt það skilyrði c. liðar 1. mgr. 191. gr. laganna að stórfelldir hagsmunir undirritaðs eru í húfi.

Hæstiréttur dæmdi undirritaðan til að greiða allan málskostnað. Þær fjárhagsbyrðar voru íþyngjandi og svo fór að ég tapaði jörðinni Ytri-Sólheimar 3, fyrir hrakvirði á nauðungaruppbóði árið 2015.

Nánari rökstuðningur

Forsendur hæstaréttardóms nr. 610/2007 fjalla um hvort bænda eign Sólheimatorfu hafi ætíð verið skráð 100 H forn eða ekki? Forsendur Hæstaréttar gefa mér þá einföldu vinnureglu að leggja einungis fyrir Endurupptökudóm heimildir um heildardýrleika jarðarinnar.

Til viðbótar þeim meginrökum sem felast í umfjöllun minni, hér að framan, um fyrrgreind málgögn, legg ég í hendur Endurupptökudóms til viðbótar, 14 áður óþekktar heimildir til staðfestingar, um að kaupahluti Sólheimatorfu hefur í 5 aldir eða meira, skipst á milli eigenda kaupahlutans með heildardýrleikann tíutíu hundruð, þ.e. 100 hundruð að fornu mati, svo lengi sem við það mat er stuðst.

Þessar nýju heimildir í eignarrétti Sólheimatorfu, sem ég hér tefli fram, vegna hæstaréttarmálsins nr. 610/2007, eru allar gerðar og varðveittar á vegum kirkju- eða ríkisvalds.

Hér er tilvísun í dómsorð hæstaréttardómsins nr. 610/2007, þann 2. október 2008:

Í máli þessu háttar svo til að eldri heimildir um dýrleika Ytri-Sólheimajarða samanlagðra sýnast misvísandi, enda var gerð sú athugasemd um þetta efni í áður nefndu jarðatali frá 1847 að „1806 er jörð þessi (hálf bænda eign og hálf eign kirkjunnar) talin aðeins 100 h., og hjáleigan sér 7 / h.; sýslumaður þar á móti telur alla jörðina 100 h., en í jarðabókunum (enum eldri, 1760) er hún sögð 120 / h.“ Verður því ekki annað séð en að þær forsendur, sem ákvæði 2. gr. landskiptalaga voru reist á samkvæmt framansögðu, eigi meðal annars við óskipt land Ytri-Sólheimajarða. Með því að áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á að skilyrði séu til að beita fyrirmælum 4. mgr. 2. gr. landskiptalaga við úrlausn málsins verður að gerðum þessum athugasemdum hinn áfrýjandi dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Áfrýjendum verður gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Tómas Ísleifsson og Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir, greiði í sameiningu stefndu Einari Þorsteinssyni, Eyrúnu Sæmundsdóttur, Elínu Einarsdóttur, Magnúsi Þór Snorrassyni, Hildigunni Þorsteinsdóttur, Kristínu Þorsteinsdóttur, Ólafi Þorsteinssyni, Sigríði Þorsteinsdóttur, Sigrúnu R. Þorsteinsdóttur og Þorsteini Magnússyni samtals 500.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Hæstiréttur fullyrðir að í *Jarðabók 1806* sé dýrleiki Ytri-Sólheimajarða 107 h. Þetta er ekki rétt, dýrleikinn er skráður 100 H og er þá dýrleiki kaupahlutans. Þar eru eigendur og eignarpartar einnig tilgreindir.

Hæstiréttur fullyrðir að í *Jarðabók Skúla 1760* sé dýrleiki Ytri-Sólheimajarðar 120 1/6 H. Þetta er rétt, en talan í *Jarðabók Skúla 1760* er röng; ólögmat tala. Í formála Skaftafellssýslu í bók Skúla eru

fyrirmæli um að skrá skuli dýrleika jarða samkvæmt „Specification“ sem Þorsteinn Bjarnason skráði í *Jarða-og bændatal 1753*. Enginn vafi er, að í uppskriftinni; *Jarðabók Skúla* átti að skrá samkvæmt *bændatalinu*.

Í *bændatalinu* skráir Þorsteinn ½ jörðina kirkjueign 100 H og ½ bændaeign 100 H 40 al.

Það er ljóst að Hæstiréttur vitnar, í dómsforsendum, rangt til tveggja frumheimilda. Dómur Hæstaréttar er bersýnilega ólögmaður.

Hlutverk Endurupptökudóms er að meta hvort brotalamir hafi verið í úrlausn dómsmáls og að meta hvort að ný málgögn kunni að breyta niðurstöðu dóms. Hið fyrra er nú bert. Skoðun á frumgögnunum: *Bænda- og Jarðatal 1753* og *Jarðabók 1806* sýnir að í hæstaréttardómi nr. 610/2007 er vitnað rangt til þessara frumgagna.

Auk *Bændatalsins* legg ég hér fram 14 önnur ný gögn um að í eignarrétti kaupahluta Sólheimatorfu hefur jörðin ávallt verið skráð 100 H að fornu mati. Ég tel þau gögn einnig nægileg, þó ein stæðu, til að fá rétt til endurupptöku margnefnds dóms.

Því krefst ég þess að Endurupptökudómur veiti mér rétt til að krefjast endurupptöku á dómi þann 2. október 2008 í hæstaréttarmálinu nr. 610/2007. Ég geri kröfu til þess að endurupptakan feli í sér að ég fái rétt til að flytja málið að nýju í Hæstarétti Íslands og að mér beri réttur til að fá þar nýjan dóm í málinu, byggðan á fyrri gögnum málsins og þeim gögnum, sem ég hér tefli fram svo og nýjum gögnum.

Málsatvik/röksemdir

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla hér um miðaldamáldagana frá 1179 og 1340, því í þeim er dýrleiki jarðarinnar Ytri-Sólheimar ekki nefndur, aðeins að jörðin er að hálfu kirkjueign.

Ég tel hins vegar að Gíslamáldagar frá 1570, máldagi Odds biskups frá 1593 og Jarðabókin 1597, bregði í sameiningu ljósi á merkingu orðalags.

Heimildin eru máldagar Odds biskups Einarssonar frá 1593:

„...Solheimakirkia a ... og allt heimaland halft til sios og landz. Enn hun tiundast firir tiutigi hundrada kaupa hluti.“

Hér er mikið sagt í fáum orðum. Sem fyrr er staðfest að kirkjan á hálfu jörðina og tilgreint að kaupahlutinn; bændaeignin, sé metin til 100 hundraða. Með þessu er sagt að kirkjuhlutinn sé einnig 100 hundruð og jörðin öll þá 200 hundruð.

Litlu yngri er heimild um dýrleika Ytri-Sólheima í jarðabók frá 1597.¹

... „Fasteign c hundrud og x tíu hndr. med gardinum“

Það er: „Fasteign 100 hundruð og tíutíu hundruð með garðinum“

Túlkun sagnfræðings á Þjóðskjalasafni í tölvupósti 30. apríl 2009 er eftirfarandi:

Komdu sæll, Tómas.

Textinn er eiginlega sá sami og er í máldagabók Gísla biskups Jónssonar, sem prentaður er í Íslenzku fornbréfasafni XV. bindi, bls. 706.

Kirkjan að Sólheimum á hálfu heimaland með gögnum og gæðum. Item xii kýr

¹ Handrit á Þjóðskjalasafni Norsk sending: *Arkivsaker Overførte fra Noreg til Island*. Í meðfylgjandi heimildum, sem fylgja þessari endurupptökukröfu er lýsing kirkjueignarnefndar frá árinu 1993 á uppruna og heimildagildi handritsins.

og v ásauðarkúgildi og ij ær betur, item iij hndr. í köplum, ij naut
veturgömul og ij naut tvævetur.
Fasteign c hundruð og x tíu hndr. með garðinum.

Fasteignin er talin hundrað hundraða og vj hndr. betur í Gíslamáldaga.
En "x tíu hndr. með garðinum" kemur heim og saman við það, sem í
máldaganum segir: "garðurinn tíutigur hundruð".
Með kveðju
Björk Ingimundardóttir

Oddur biskup lifði langa ævi og Gísli sonur hans tók biskupsdóm, í fá ár, að honum gengnum.

Vísitasíur Brynjólfs biskups Sveinssonar

Árið 1639 kom aðsópsmaður um fjármál að biskupsembætti í Skálholti og titlaði sig þrátt;
superintendent. Brynjólfur biskup Sveinsson kemur 3. október 1648 að Sólheimum í fyrstu af sex
vísitasíum hans biskupsdóms. Og það er tekið til hendinni að skrá. Bókað er: „...heimastadurinn
bóndaeign tíutíu hundrud,...“. Þá er gengið að því að krefja eignarmenn kaupahlutans um að kosta
kirkjuna í hlutfalli við eignarbréf hvers og eins. . Vísitasíugerðin er ítarleg og er í henni vísað til
vísitasíu Gísla biskups Jónssonar sem hér hefur verið birt. Um þetta fer vísitasíugerðin m.a.
svofelldum orðum, undirstrikanir eru höfundar:

...Þar eiga að vera eftir þessari vísitasíubók herra Gísla tuttugu kúgildi og tvær ær, tólf kýr og tíu ásudar kúgildi. ... vantar
þrjár koparpípur en til eru tvær messingspípur litlar ... vantar messuklæði er Pétur bóndi galt í portíu ... Tilsegir nú
biskupinn kirkjunnar forsvarsmönnum, landeigendum að Sólheimum, að sækja og kalla til dóms og laga allt það sem
vantar á fyrirskrifada vísitasíubók og útvega ... Þangad liggja til sóknar Sólheimar eystri bóndaeign XXIIII^o, Holt
bóndaeign XXIIII^o, Keldudalur bóndaeign XII^o, Ey bóndaeign LX^o, heimastadurinn bóndaeign tíutíu hundrud, Fell
klaustur jörd. Óskadi biskupinn reikning skapar portionis ecclesiae af kirkju tíundum öllum síðan seinustu biskups
kvittun hvor nú vard eingin fyrir; reikna þeir árlega þurfi tveir kútar messuvíns, samdist svo með biskupinum og
fjárhaldsmönnum nálægum kirkjunnar Magnúsi og Vigfúsi Sigurdssonum fyrir sinn hluta eftir jardarmegni sem þeir eiga
í landi og hafa svar kirkjunnar fyrir sem er eftir einu og þrjá tigu hundrada og fimm aura hæð í tíutíu hundrudum; Íttem
samþykkti það Magnús Þorsteinsson fyrir sinn part sem hann á í landi sem er hálf átjándu hundrad, Íttem Einar
Þorsteinsson vegna bróðurs síns Hákonar fyrir þrjá tigi og þrjú hundrud og fimmtán aura, Guðrún Ormsdóttir vegna sín
og sinna barna fyrir hálf þrettándu hundrad Sigurdur Árnason vegna síns föðurbróður Eiríks Oddssonar fyrir fimm
hundrud, ... Samdist svo á báðar síður með biskupinum og öllum þeim sem í hlut áttu Magnúsi Þorsteinssyni, Einari
Þorsteinssyni vegna Hákonar, Magnúsi, Jóni og Vigfúsi Sigurdssonum, Guðrúnu Ormsdóttur og Sigurdi Árnasyni vegna
Eiríks Oddssonar að þeir allir ásamt svari kirkjunni til gildra og góðra tuttugu hundrada í varanlegum og þarflegum
ornamentis sem þeir kaupa skulu með biskups ráði og samþykki hvörjir svo miklu hér út að svara sem tala rennur til að
þeir eigi í landi...Fór allt fyrirskrifad fram að Sólheimum í vidurvist frá mæra manna er sín nöfn til vitnisburdar uppá
ádurskrifad undirskrifa Actum ut supra.

Einar Þorsteinsson m:e:h:
Magnús Þorsteinsso meh
Sigurdur Arnason m e h
Pétur Gissurarson Eh

Magnús Sigurdsson m.E.H
Vigfús Sigurdsson með eigin hand:
Jón Sigurdarson með eigin: hand:
Finnbogi Gíslason með eigin: hand:

Lagdi biskupinn út einn ríxdal fyrir ádur skrifadan reikning Sólheimakirkju fyrir fimm hundrada part úr heimalandi sem
hann átti nær um eins árs tíð afgreiddi hann Magnúsi Þorsteinssyni upp á reikningskap kirkjunni til góða, og gjörði
Magnús Þorsteinsson og Einar Þorsteinsson vegna síns bróður Hákonar biskupinn þar með kvittan um þann hlut
portionis reikningskapar sem honum bar fyrir að svara til vitnis skrifa þeir báðir bræður sínar handskriftir hér undir
Actum Sólheimum 1648 3. Octóbris.

Magnús Sigurdarson meg
Einar Þorsteinsson EH.²

Vísitasían er fyrir margra hluta sakir afar merk. Auðséð er að vísitasía Gísla biskups Jónssonar frá
1570 er notuð, sem heimild um eignir kirkjunnar í fasteign, fríðu og lausafé. Gíslamáldagar eru sá
grundvöllur, sem biskup reisir kröfugerð sína á í öllu Skálholtsbiskupsdæmi. Gíslamáldagar hafa enn
lagagildi og er bréf um það í gildandi lagasafni.³ Öll ber vísitasíugerðin vitni um nákvæmni og er

² Handrit á Þjóðskjalasafni: Vísitasíubók Brynjólfs Sveinssonar A-II, 8 Bls. 235-237.

³ Einar. G. Pétursson, 2011: *Hulín pláss*, Kirkjueignir á fjallendi. Reykjavík. Bls. 319.

innsiglið með undirskriftum vitnisbærra manna. Hér höndluðu þeir um, sem vanir voru að sýsla með fjármuni; valds- og eignamenn aldarinnar. Höfuðbólið Sólheimar ytri var í höndum slíkra og enginn vafi um dýrleikann. Upp eru taldir sóknarbærir Sólheimakirkju og því næst skráð: „heimastadurinn bóndaeign tíutíu hundrud“. Kaupahlutinn er 100 hundrud. Biskup nefnir ekki að jörðin er að hálfu eign kirkjunnar. Tilvísun hans í Gíslamáldaga tekur af allan vafa, um að honum var fullkunnugt um eign kirkjunnar í landi. Aðfararorð gjörðarinnar eru, hins vegar byggð á dýrleika kaupahlutans. Það helgast af því að með því móti gat biskup krafið sérhvern eiganda um tillag (portion) til kirkjunnar, í hlutfalli við eignarbréf viðkomandi, svo sem kaupbréf.

Sérhver eignarmaður réði eign sinni og jöfnum dýrleika af kirkjuhluta jarðarinnar. Skyldur eignarmanns við kirkjuna var að leggja henni til fjármuni til upphalds og viðhalds. Kirkjur fengu að líkindum ekki landskuld, þ.e. leigur af jarðeign í heimalandi kirkjustaðar, eins og á Sólheimum. Að svo hafi verið, sést á því að í vísitásiúm sjást hvergi kröfur biskups um landskuld, kirkjunni til handa. Kröfur hans voru einungis um upphald kirkjunnar. Í jarðabókum sýslumanna um Ytri-Sólheima er landskuld færð til bókar. Sú landskuld er hins vegar af bændaeygninni. Væri jörðin setin af eigendum, galst engin landskuld, en leiguliðar að jörðinni greiddu að sjálfsgöðu leigu/landskuld til eiganda kaupahlutans.

Í orðinu heimastaðurinn felst að sóknarbærirnir eru að því leyti eign kirkjunnar á heimastaðnum að kirkjan á tilkall til tíunda frá þessum jörðum; bæjum. Þá óskar biskup eftir að efnahagsreikningur kirkjunnar sé gerður upp „portionis...eftir jardarmegni sem þeir eiga í landi“, þ.e. hlutfallslega eftir stærð kaupahluta „og hafa svar kirkjunnar fyrir“, þ.e. að eignarmaður fær forsvar eða ráðstöfunarrétt fyrir jafn stórum eignarparti kirkjunnar. Það er í samræmi við að kirkjan átti „heimaland hált“ þ.e. torfunna að hálfu.

Nöfn eignarmanna kirkjujarðarinnar og hlutur þeirra í jörðunni er uppgefinn. Ef eignarmaður er fjarstaddur er gerð grein fyrir umboðsmanni hans. Flest þetta fólk má finna í *Íslenskum æviskrám* eftir Pál Eggert Ólason og einnig í *Íslendingabók á Netinu*. Þar sjást ættartengsl og rætur við Ytri-Sólheima og nágrenni. Bræðurnir Magnús, Vigfús og Jón voru synir Sigurðar Einarssonar lögréttumanns á Ytri-Sólheimum og voru eins og fram hefur komið afkomendur Péturs bónda í vísitásiunni frá 1570. Móðir þeirra var Guðrún Erlendsdóttir frá Stóru-Borg, en hún var sonardóttir Önnu Vigfúsdóttur og „barna Hjalta“.⁴ Þá eru taldir til bræðurnir Magnús (1605-1662) lögréttumaður í Árbæ í Holtum, Einar (um 1605-1662) sýslumaður á Felli í Sólheimasókn og Hákon (1610-1670) lögréttumaður og sýslumaður á Þykkvabæjarklaustri. Þeir voru synir Þorsteins Magnússonar sýslumanns og klausturhaldara.

Langafi þeirra bræðra; Einars, Magnúsar og Hákonar í móðurætt var Gísli Jónsson (1513-1587) Skálholtsbiskup, sem gerði máldaga þann um Sólheimakirkju sem Brynjólfur biskup notaði til að grundvalla kröfur á hendur eignarmanna Ytri-Sólheima um skil á fjármunum kirkjunnar.⁵ Þeim má því hafa runnið blóð til þeirrar skyldu að akta þann dýrleika, sem kveðið er á um í Gíslamáldögum. Guðríður móðir þeirra var dóttir Árna prests í Holti undir Eyjafjöllum, Gíslasonar Jónssonar.⁶

Guðrúnu Ormsdóttur (1603-?) má þekkja með því að bera vísitásiuna saman við jarðabókina frá 1697; þ.e. *AM 463 fol.*, og verða þau tengsl rakin síðar. Hún var dóttir Orms Vigfússonar sýslumanns í Eyjum í Kjós og Guðríðar dóttur séra Árna Gíslasonar í Holti, Jónssonar biskups.⁷ Guðrún var á þeim

⁴ *Íslendingabók.is*: Lesið 27. des. 2012. Samanber skáldsaga Jóns Trausta; *Anna á Stóru-Borg*.

⁵ *Íslendingabók.is*. Lesið 12. sept. 2012.

⁶ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár I. Reykjavík*. Bls. 394. Ártal stenst ekki, sbr. neðanmálgreinar 199-202.

⁷ *Íslendingabók.is*. Lesið 5. des. 2012.

dögum ekkja eftir séra Halldór Ketilsson á Kálfafellsstað.⁸ Guðrún og þeir bræður synir Þorsteins sýslumanns voru systrabörn.

Sigurður Árnason (1622-1690), síðar lögréttumaður í Leirárgörðum var sonur Árna Oddssonar skólameistara og lögmans. Sigurður var sveinn biskups og því hægt um vik að hann færi með umboð fyrir föðurbróður sinn Eirík Oddsson (1608-1666) biskups Einarssonar.⁹ Eiríkur bjó á Fitjum í Skorradal. Oddur biskup var sonur Einars Sigurðssonar skálds í Eyðölum, sem orti m.a. *Kvæði af stallinum Kristí*. Viðstaddir eignar- og umboðsmenn undirrita vísitásiuna. Þá undirrita séra Finnbogí Gíslason (1610-1669) í Hryggjum í Sólheimabingum¹⁰ og Pétur Gissurason síðar prestur í Vestmannaeyjum. Pétur var heyrari í Skálholti til 1649 og hefur því verið sveinn biskups og þá sennilega verið skrifari.¹¹ Mikilvægi þessa uppgjörs eignarmanna og kirkju sést á öllu forminu og einnig því að eignarmenn, sem fjarri bjuggu eins og Magnús í Árbæ í Holtum er viðstaddur. Þá er í eftirmála, við vísitásiuna, gerð upp skuld biskups við Sólheimakirkju, sem ber vitni um að biskup var staðkunnugur, allavega um eignaskjöl.

Í fornum verðreikningi eru 6 álnir í einum eyri og jafngilda því 120 álnir 20 aurum sem eru þá jafnframt eitt hundruð. Eignarhlutir í Sólheimatorfu eru þá skráðir svo að dýrleika, sem ber saman við að dýrleiki þess sama heimastaðar er „tíutíu hundrud“. Skipting dýrleikans sést í eftirfarandi töflu:

Vísitásía að Sólheimum í Mýrdal 3. október. 1648	Hundruð	Aurar	Hundruð
Magnús og Vigfús Sigurðarsynir Ytri-Sólheimum	31	5	31 ¼
Magnús Þorsteinsson sýslumaður Árbæ Holtum	17 ½		17 ½
Hákon Þorsteinsson sýslumaður Þykkvabæjarklaustri	33	15	33 ¾
Guðrún Ormsdóttir og börn Ytri-Sólheimum	12 ½		12 ½
Eiríkur Oddsson Fitjum í Skorradal	5		5
Samtals	99	20	100

Í safnritinu *Saga Íslands* kemur fram að eignaskráningar Brynjólfs biskups eru taldar traustar. Í síðari vísitásiunum sést að samræmi dýrleikans helst og samfella er á eignarhaldi.

Á næsta aldarfjórðungi vísiterar Brynjólfur biskup Ytri-Sólheima fimm sinnum. Ekki eru tíundaðir eignarhlutir í öll skiptin eða dýrleiki torfunnar. Vísitásían 28. september 1660 er torlesin. Hluti hennar er birtur hér.

1660 28. septembris Vpplesnar og auglystar 3 fyrer farande Visitationum Maldagar Kyrkunnar ad Solheimum sem Jnnskrifast og hand skriftast hafa 1648 1651 1654 og nu ad nyu stadfestar J ollum sinum greinum og articulis, það allt til j vordslu og vardveitslu Hakonar Þorsteinssonar f(yrer) 33 hndr. og 15 aura Magnúsar Kortsonar f(yrer) 27 1/2 hundrud. Guðrúnar Ormsdóttur fyrir 12 1/3 hundrud Vigfusar Sigurdarsonar 21 hndr. og 5 aura, Markúsar Bjarnasonar 5 hndr... fyrer sig epter Jardar megni sem þeir J landi eiga sem fyrrum hefur skrifad vered J þessari bok medkent og vidteked enn sem ur visitatiubok hefur vantad til sagt eignar mönnum til doms og laga til doms og laga¹² jnn ad kalla...

Magnús Sigurðsson m:e:h	Finnbogí Gíslason	Magnus Kortsson m:e
Oddur Eyjólfsson m		Vigfús Sigurðsson m:E:h
Halldór Brynjólfsson		Daði Halldórsson m:e:h
Sigurður Guðmundsson m:e:h ¹³		

⁸ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. II. Reykjavík. Bls. 264.

⁹ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. IV bls. 208.

¹⁰ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. II. Reykjavík. Bls. 7.

¹¹ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. IV bls. 155.

¹² Svo skráð.

¹³ Handrit á Þjóðskjalasafni: *Vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar A-II*, 8 Bls. 366-367.

Þrír eignarmenn eru þeir sömu og 1648 og séra Finnbogi enn á dögum. Athygli vekur að partur Guðrúnar Ormsdóttur er hér skráður 12 1/3 hundrað, en í vísitasíum fyrir og eftir, þ.e. 1648 og 1669, er hann skráður 12 1/2 hundrað. Í jarðabókinni 1697 má þekkja eignarhluta Guðrúnar, því þar er tilgreint að Ketill sonur Guðrúnar selur eignarhlut að dýrleika 12 1/2 hundrað árið 1694 til Jóns Fabíanssonar (1635-1708) á Flögu í Skaftártungu. Niðurstaðan er að samanlagður dýrleiki torfunnar er nákvæmlega 100 hundruð ef partur Guðrúnar er leiðréttur.

Magnús Kortsson (1624-eftir 1703) lögréttumaður í Árbæ var tengdasonur Magnúsar Þorsteinssonar, sem er eignarmaður jarðarinnar árið 1648. Hann var stundum lögsagnari; þ.e. umboðsmaður sýslumanna í Árnes- og Rangárþingi.¹⁴ Hann hefur aukið hlut tengdaföður síns, sennilega með því að kaupa 10 H af þeim bræðrum Sigurðssonum, sem bjuggu á Ytri-Sólheimum. Eiríkur á Fitjum er ekki lengur eignarmaður að jörðinni. Líkast til hefur hann selt sinn part til Markúsar Bjarnasonar (1607-1687) á Stokkseyri eða sá hlýtur maðurinn að vera. Markús var „mikill gróðamaður“ að sögn Espólíns. Tengdasonur hans var Guðmundur West Jasonarson (1633-1712). Hann var í hópi efnamanna landsins um aldamótin 1700.¹⁵ Eftirmæli Espólíns um Markús voru svofelld: „Drykkjurútur, hrekkjamaður og galdrasnápur“.¹⁶

Auk eignarmanna jarðarinnar skrifa þrír fylgdarmenn biskups undir vísitasíuna, séra Oddur Eyjólfsson (1632-1702) var rektor í Skálholti síðar prestur í Holti undir Eyjafjöllum,¹⁷ Halldór Brynjólfsson (1642-1666) var 18 ára sonur biskups og Daði Halldórsson (1637-1721), síðar barnsfaðir Ragnheiðar biskupsdóttur og prestur í Steinsholti í Gnúpverjahreppi. Daði er talinn höfundur að svonefndri „Bergþórsstatútu“.¹⁸ Af Daða er stór ættbogi kominn. Sigurður Guðmundsson var einn af sveinum biskups, fæddur 1636 síðar prestur í Fljótshlíðarþingi.¹⁹

Dýrleiki höfuðbólsins skiptist þá þannig á milli eignarmanna. Partur Guðrúnar Ormsdóttur er ekki leiðréttur í samræmi við eign hennar fyrir og síðar. Við erum engu að síður að fjalla um heimajörð sem er tíutíu hundruð, kaupa- og kirkjuhluti.

Vísitasía að Sólheimum í Mýrdal 28. september 1660	Hundruð	Aurar	Hundruð
Vigfús Sigurðsson Ytri-Sólheimum	21	5	21 ¼
Magnús Kortsson lögsagnari Árbæ Holtum	27 ½		27 ½
Hákon Þorsteinsson sýslumaður Þykkvabæjarklaustri	33	15	33 ¾
Guðrún Ormsdóttir Ytri-Sólheimum	12 1/3		12 1/3
Markús Bjarnason hreppstjóri á Stokkeyri	5		5
Samtals	99	20	99 5/6

Níu árum síðar er Sólheimakirkja vísiteruð og er skráningin í eðlilegu samhengi við fyrri vísitasíur undirstrikun er höfundar:

Anno 1669 18 septembris vísiterud kirkjan ad Sólheimum og upplesnar fyrir farandii vísitasíur sem innskrifadar voru vid votta í þessa bók og nú ad nýju athugadar og samþykktar eptir sérhver í ---??--sinn framkom og undirréttad var. Þad allt á til ad vera , sem þá hefur medkennt medtekid verid og sídan tillagt innskrifad er í bókina í vörslu og vardveislu stadarins eignar kirkjunnar fjárhallds manna, sérhvers í rétttri tiltölu sem hver á í landinu. En kirkju verjarar eru nú þessir Hákon Þorsteinsson fyrir 34 Hundrud, eða því nærri, Magnús Kortsson fyrir 33 Hundrudum nema adrir mega þar med í

¹⁴ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár* III. Reykjavík. Bls. 442. Ártal á Íslenzkum æviskrám er víða rangt.

¹⁵ Bragi Guðmundsson. Efnamenn og eignir þeirra um aldamótin 1700.

¹⁶ Islandingabok.is

¹⁷ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár* IV. Reykjavík. Bls. 9.

¹⁸ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár* I. Reykjavík. Bls. 301.

¹⁹ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár* IV. Reykjavík. Bls. 221.

eiga. Þá hefur þó Magnús Kortsson umsjón yfir so miklu, Vigfús Sigurdsson fyrir 21 Hundradi, Guðrún Ormsdóttir eda hennar börn fyrir 12 ½ Hundradi. Framar varð ei adkomist um eignarhluta jardarinnar. Það vantar enn sem fyrr hefir vantad í vísitasíu bók Gísla Jónssonar tilsagt eignarmönnum stadarins í kirkju verjara nafni til dóms og laga inn ad kalla nema sjálfir vildu fyrir forsómun kirkjunnar svara. Sídan næstu vísitasíu hefur Hákon Þorsteinsson tillagt altaris klæði af hringofnum tvinna dúk virtur í 6 aura, altaris klæði af þrykktu ----fódrad med lérefti hvortveggja nýtt virt 5 aura. Item hefur Magnús Kortsson tillagt nýan hökul af hringofnum tvinna dúk med raudlitum krossi hringofnum fódradan med bláu lérefti tekin med góðra manna ráði í 1 Hundrad. Item kopar hring í hurdina tekin 20 álnir. Kemur þetta uppi reikning annad hvort portíunnar eda þar uppi þau 20 Hundrud sem eigendurnir lofudu ad láta kirkjuna uppbera. Portio annars reiknud öðrum til reiknings uppá naudsynlega kirkjunnar og hennar instrumentis bót. Hefur þá kirkjuni verid endurbætt og lagdar í nokkrir nýir rekavidir og lagt í steingólf má metast sú endurbæting af 6 skynsömum mönnum og sídan til reiknings færast actum ut supra í vidurvist ærlegra manna sinn hefur til vitnis hér undir skrifa med eigin höndum.

Vigfús Ísleifsson meh Vigfús Sigurdarson mano propria
 Jón Einarsson meh
 Sigurdur Einarsson meh Ólafur Gíslason meh
 Þorsteinn Gunnarsson Meh Jón Ólafsson meh²⁰

Þeir sem undir skrifa eru: Séra Vigfús Ísleifsson (1646-1731) í Hryggjum og síðar á Felli. Hann tók við brauðinu árinu áður rúmlega tvítugur. Vigfús var frá Höfðabrekku.²¹ Vigfúsar Sigurðarsonar á Ytri-Sólheimum hefur fyrr verið getið. Jón Einarsson (um 1640-1687) var lögréttumaður og síðar klausturhaldari í Þykkvabæ. Sigurður Einarsson (1642-1720) var lögréttumaður og bóndi í Holti. Þeir Jón (f. 1640) og Sigurður (f. 1642) voru synir Einars Þorsteinssonar sýslumanns sem fyrr hefur komið við sögu.²² Þrír sveinar biskups skrifa undir gerðina. Ólafur Gíslason (1646-1714) var skrifari biskups og heyrari í Skálholtsskóla veturinn 1669-1670. Ólafur varð síðar prestur á Hofi í Vopnafirði.²³ Þorsteinn Gunnarsson (1646-1690) síðar kirkjuprestur og prófastur í Skálholti.²⁴ Jón Ólafsson (1644-1718) síðar prestur í Fellsmúla var í þjónustu biskups.²⁵

Höfuðbólið deilist þá svo á milli eignarmanna og er þá rétt að hafa í huga að partur Hákonar er „34 hundruð, eða því nærri“. Öllum sem að komu var ljóst að kaupahlutinn var sem fyrr tíutíu hundruð að dýrleika. Dýrleikinn er klár, en skiptingin milli eignarmanna ekki:

Vísitasía að Sólheimum í Mýrdal 18. sept. 1669	Hundruð	Aurar	Hundruð
Vigfús Sigurðarson Ytri-Sólheimum	21		21
Magnús Kortsson lögsagnari Árbæ Holtum	33		33
Hákon Þorsteinsson sýslumaður Þykkvabæjarklaustri	34		34
Guðrún Ormsdóttir Ytri-Sólheimum	12 ½		12 ½
Samtals	100,5		100,5

Við samanburð á vísitasíunni 1660 sést að Vigfús er hlunfarinn um 5 aura. Þá flýgur mér í hug að Magnús Kortsson hafi brugðið sér austan úr Holtum og út í Flóa til að kaupa part Markúsar. Að réttu lagi hefur allur hlutur hans þá orðið 32,5 H. Ekki er líklegt að Hákon hafi keypt 5 aura í jörðinni frá fyrri vísitasíum. Með þessu móti verða eignarpartarnir nákvæmlega 100 H og samræmi við fyrri skráningar.

²⁰ Handrit á Þjóðskjalasafni: *Vísitasubók Brynjólfs Sveinssonar* A-II, 8 Bls. 473-474.

²¹ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár* V. Reykjavík. Bls. 51.

²² Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár I*. Reykjavík. Bls. 394.

²³ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár IV*. bls. 43.

²⁴ *Íslendingabok.is*, Lesið 5. des. 2012.

²⁵ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár. III* bls. 236

Vísitasía Þórðar biskups Þorlákssonar

Þórður biskup Þorláksson (1637-1697) vísiterar Sólheima 27. september 1677 og er vísitasían m.a. merk fyrir þá sök að tilgreindur er dýrleiki heimastaðarins; þ.e. Sólheimatorfu og allra jarða, sem guldu Sólheimakirkju tíund og er þar um samhljóða vísitasíu Brynjólfs biskups frá árinu 1648.

Undirstríkun er höfundar.

Vísiterud kirkjan að Sólheimum í Mýrdal. Hún heldur enn nú í fríðu 16 kúgildum. Innan kirkju einn hökull af sterkum tvinnu dúk mislitum krossi og bláu lérefts fódri, vænn og sterkur, rikkilín heilt, alltariss klædi af raudþryktu kátúni, annað bleikt sterkt tvinnafid. Alltariss dúkur með brún og stólum af raudbleiku kátúni. Alltariss klædi af máludu lérepti. Hökull af rauduraski, ísaumadur með grænum krossi fódradur, silfurkaleikur með patínu að mestu heill, vantar annan silfurkaleik brákadan sem Vigfús Sigurdsson meinar burtfluttan til Dyrhóla af séra Finnþoga Gíslasyni á aftur að kallast af kirkjunnar fjárhaldsmönnum. 2 alltariss pípur af kopar. Ein klukka stór og væn sem vegur vel vætt önnur brotin. Bakstursjárni ónýtt og útbrunnin. Tafla yfir altari af Indíanskum merki með vitapott.

Kirkjan sjálf með fimm stafgólum. Reisifjöl og langböndum yfir standþil og kórþil bak og fyrir. en óþiljud að hlidum. Alltari með gráðu og prédíkunarstóll. Hálf þil milli kórs og kirkju. 2 glerluggar litlir og 2 setustólar sinn hvoru megin. Loft yfir fremsta stafgólfi, fódurslausir bekkir í kór og bekkjarfjalir í framkirkju að sunnan. Hurd á jarnum með koparhring og stokkskrá, vindskeidir að framanverdu. Húsid sjálft að vidum og veggjum sterkt og stæðilegt. Þangad liggja til sóknar Sólheimar eystri Br[úttó] XXIII H, Holt Br [úttó] XXIII H, Keldudalur Br[úttó] XII H, Ey Br[úttó] LX H, heimastadurinn Br[úttó] LL H, Fell klausturs jörd með 10 aura Kristfjár ískylldu. Hafa áður til kirkjunnar lagst 2 kútar messuvíns en Vigfús Sigurdsson segir ei veiti af 2 1/2 kút.

Portionis reikningur óklár í mörg ár óskar biskupinn riktugs reikningsskapar af kirkjutíundum öllum legkaupum hálfum og ljóstolla afgangi sem og skilagreinar af þeim 20 H sem eignarmenn stadarins lofudu kirkjunni út að svara in vísitatione Anno 1648.

Fór allt áður skrifad fram í ærlegra votta vidurvist sem sýn nöfn hér undirskrifa að Sólheimum í Mýrdal Anno 1677 þann 28 septembris.

Vigfús Sigurdsson meh
Ísleifur Einarsson eg
Bjarni Hallgrímsson
Björn Hannesson meh

Síra Hannes Björnsson egh
Bjarni Jónsson egh
Philippus Einarsson meh
Ólafur Ásmundsson meh ²⁶

Er hið Indíanska merki mynd af blómavasa úr strandi gullskipsins „Het Waapen van Amsterdam“ árið 1667 á Skeiðarársandi? Orðið „vita“ á latínu merkir líf og „pott“ er sama og leirker. Á byggðasafninu í Skógum er spjald úr Steinakirkju sem á voru krítuð sálmanúmer. Á spjaldinu er mynd af blómavasa. Áþekkt spjald er á Þjóðminjasafni úr Höfðabrekkukirkju. Altarishurð í Kálfafellskirkju er sömu gerðar. Þá var slíkt spjald í Suður-Vík úr Dyrhólakirkju. Öll voru spjöldin kistulok með austurlenskri mynd og úr gullskipinu.²⁷ Í vísitasíu Sólheimakirkju frá 20. september 1672 er eftirfarandi um ornament kirkjunnar:

nema eitt spjalld er tilkomid með Indía skipi so sem á Núpstad og Höfðabrekku hvör tekin voru.....hvört um sig ²⁸

Heimastaðurinn er sem fyrr 100 hundruð að dýrleika. Eignarmenn jarðarinnar, sem undir skrifa og þekkjast eru: Vigfús Sigurdsson, Ísleifur Einarsson (1655-1720) og Filippus Einarsson (1645-?). Vigfús kemur fram í fyrri vísitasíum. Ísleifur og Filippus voru synir Einars Þorsteinssonar sýslumanns, sem fyrr er getið. Ísleifur er rúmlega tvítugur í föðurgarði við vísitasíuna. Tuttugu árum síðar er hann sýslumaður Skaftafellssýslna með bróður sínum Ólafi og saman skrifa þeir merka jarðabók í tvígang, hluta af handritinu AM 463 fol., sem hér verða kynntar. Bjarni Hallgrímsson (1656-1723) var prestur í Skálholti frá 1678 til 1683 síðar prófastur í Odda. Hann var skrifari og sveinn biskups.²⁹ Séra Hannes


²⁶ Handrit á Þjóðskjalasafni: *Vísitasíubók Þórðar Þorlákssonar*. Bls. 238.

²⁷ Munnlegar upplýsingar frá Þórði Tómassyni í Skógum.

²⁸ Handrit á Þjóðskjalasafni: *Vísitasíubók Brynjólfs Sveinssonar A-II*, 8. Bls. 508.

²⁹ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. I bls. 170.

Björnsson (1631-1704) á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd hefur verið í fylgdarliði biskups.³⁰ Björn Hannesson er líklega 15 ára sonur séra Hannesar. Bjarni Jónsson (1648-1685) var heyrari í Skálholtsskóla frá 1675 til 1680, síðar prestur á Melum³¹ og Ólafur Ásmundsson (1651-1709) síðar prestur á Kirkjubæ í Hróarstungu.³² Þrír síðastnefndir sennilega sveinar Þórðar biskups. Hér er klippa úr vísitasíunni um halldinn dýrleika jarða sóknarinnar:



...Pangad liggja til sóknar Sólheimar austari Br[úttó] 24 H, Hollt Br[úttó] 24 H Keldudalur Br[úttó] 20 H Ey Br[úttó] 60 H, heimastadurinn Br[úttó] 100 H, Fell klausturs jörd med 10 aura Kristfjár ískylldu.

Ytri-Sólheimar og jarðabækur um 1700

Elstu jarðabækur um jarðir í einkaeign eru varðveittar í Árnastofnun, þ.e. handritin *Rk. No. 168* frá árinu 1686 og *AM 463 fol.* frá árunum 1695 til 1697. Nokkrar afskriftir eru til af bókunum. Allur munur er á tilurð og gildi jarðabókanna. Frumherji í rannsóknum á hagsögu sautjándu aldar er doktor Björn Lárusson. Í doktorsritgerð sinni *The Old Icelandic Land Registers* birtir hann efni bókanna og kryfur á ýmsa lund. Jarðabókin *Rk. No. 168* er ekki skráning á hinu forna mati, en er samin eftir forskrift stríðshjálparbréfs konungs. Samanber eftirfarandi:

However, it should primarily be noted that the principles employed in compiling the 1686 land register are based upon the Crowns letter of 31 May 1679, regarding an extraordinary tax necessiated by the Danish-Swedish War. There it indicates how the tax value should be calculated: „... that concerning every Twenty Hundreds Farm Property, it must be understood in Our Country Iceland and Vespinnøe that each Farm assessed at one Hundred in Land Rent is reckoned as a twenty Hundred Farm in Property, and the other Farms proportionately ...” -see above on Kolding Recess. It also indicates which farms had to pay tax and the amount they should pay.

We will examine in detail the regulation concerning the calculation of the tax value. ...

Compared with the 1686 land register, the 1695 shows a return to older tax values, the same as occurs later in Árni Magnússon and Páll Vídalín's land register from the beginning of the eighteenth century.³³

Með tilkomu einveldis í Danmörku var á síðari hluta sautjándu aldar aukin skráning á eignum til að skipuleggja skattheimtu. Til þess voru gerðar jarðabækur. Skattheimta ríkisvalds nútímans rekur uppruna sinn til þess skipulags. Konungsvaldið hafði forgöngu um gerð nýrrar jarðabókar á Íslandi með bréfi frá Rentukammeri dagsettu 11. maí 1695 til Christian Müllers amtmanns á Bessastöðum.³⁴ Í bréfinu fær amtmaður fyrirmæli um að gerð verði ný og endurskoðuð jarðabók í tvíriti fyrir allt landið eins fljótt og kostur sé. Fyrirmæli eru um að þær jarðabækur sem fyrir eru eigi að;

De til tingerne kunde blifve nermere Examinerit og med en hver Jords Rette landschyld nöye Confererit Paa det Cammerit.

Þ.e. ábendingar eru um að nota til verksins þær jarðabækur, sem til séu og láta endurskoða þær á haustþingum hreppanna. Þá skal skrá leiðréttingar á spássíur, sem hægt sé að athuga betur síðar og þannig skrifa nýja leiðréttu jarðabók. Í jarðabókina skal skrá á öllum jörðum landsins leigukúgildi,

³⁰ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. II bls. 305.

³¹ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. I bls. 175.


³² Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár*. IV bls. 29.

³³ Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. Bls. 16 og 27.

³⁴ Þjóðskjalasafn. Rentukammer. C/1. *Bréfabók 1683-1705*. Bls. 122r, 122v og 123r.

landskuld, dýrleika jarðar, eigendur og eignarhluti og hvernig þeir eru að eignum sínum komnir, þannig útlagt og hér undirstrikað.

Een Rigtig Matricul eller Jordebog over alle de der i landet beliggende Gaarder og Jorder ingen undtagen med deris leye quilder og landsskyldt, sampt Jordens Dyrhed og dessen eyere kunde erholde dog at der hos maatte i agt tages og vedkommende tilholdes, at producere hvad adkomst og Rettighed de hafver til hvis Jordegods De enten pro officio sig tilholder, eller i andre maader ere med Beneficerede og der af dend aarlige Indkomst efter jordebøgerne oppeberge, hvilket in margine udi samme Jordebøger til videre efter siun kunde annoteris, Der nest at efter slutningen maatte forfattes enn General Extract over samme Jordebøger



Afrakstur tilskipunar Rentukammers er jarðabókarhandritið AM 463 fol., sem Björn Lárusson og Óbyggðanefnd skrá jarðabókin 1695/1697. Fyrir hefur komið fram að handritið er 17 innbundin hefti. Þau eru gerð og undirrituð af sýslumönnum landsins. Í jarðabókina skrá sýslumenn leigukúgildi, landskuld, dýrleika jarða, hvernig dýrleikinn skiptist á milli eigenda og hvernig þeir eru að eignum sínum komnir, sem er í samræmi við fyrirmæli Rentukammers.³⁵

Tilurð handritsins má áfram rekja til tilvitnaðra fyrirmæla Rentukammers frá 11. maí 1695 og bréfs Sigurðar Björnssonar (1643-1723)³⁶ lögmanns í Eyjum í Kjós, um að lokið væri við jarðabækurnar fyrir Marteinsmessu eða 11. nóvember 1695. Vitnisburður um bréf Sigurðar er formáli jarðabókarinnar fyrir Skaftafellssýslur árið 1695.

Anno 1695 var epterskrifud Jarðabók samantekinn af forlage Virdulegz Herra Lógmansinsz Sigurs Biörnssonar til Síslumannanna Ólafz Einarssonar og Ísleifs Einarssonar.³⁷

Bréf Sigurðar hefur ekki fundist, en líklegar ástæður þess að fyrirmæli til sýslumanna koma frá honum, eru að Christian Múller amtmaður var stopult héraendis og hefur Sigurður þá skrifað bréfið í umboði hans.³⁸

Í inngangi og eftirmálum hefta handritsins AM 463 fol. sést að sýslumönnum hefur verið ætlað að skrá landskuld, leigukúgildi, dýrleika og eigendur að dýrleikanum. Skrá átti eignarhluti og hvernig eigendur væru að eign sinni komnir. Verkið var unnið á héraðspingum sem haldin voru að hausti og er staðfesting á, að þar vissu menn dýrleika jarða og hvernig dýrleikinn skiptist milli eignarmanna jarðar.

Hér koma tveir eftirmálar.

Framan skrifud jarðabók yfir Borgarfjardar syslu sunnan og vestan Hvítá Var svo á héraðspingum Anno 1695 skrifud og samantekin eftir því sýslunnar Jnnbuendur tilsögdu umm sérhrvórrar jardar dýrleika, og Efter því þær Tyundadar verid hefdu Item að landskuldar hæd og kúgildafiólða sem og umm jardana eignarmenn og þeirra tilkomu. Þessu til merkis er mitt nafn hier við sett og veniulegt zignet áþryct. Ad Einarsnesi datum 8 Septembris 1695

Jón Sigurdsson³⁹

Þessi að framann skrifud jarðabók yfir þær jarðir sem liggja í Strandasýslu er sannferdugliga samann tekin og skrifud efter því sem hreppstjórnarmenn og bændur í sierhverri þingsókn sem og eirinnn ábuendur jardanna hver innann sýslu

³⁵ Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. Bls. 18.

³⁶ Páll Eggert Ólason, 1951: *Íslenskar æviskrár*. Reykjavík. IV Bls. 212.

³⁷ Handrit í Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 389r.

³⁸ Wikipedia.org. Tekið af Netinu 26. des. 2012

³⁹ Handrit í Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 169.

á héraðs þingonum frammsagt og auglýst hafa, so sem þeir frekast vissu og vitna kunnu (að minni vitund). Og ei veit ég annað sannara hérr umm, enn það sem þeir mérr auglýstu umm sýslujardanna frammsögn. Enn til stadfestu hér uppá skrifa ég mitt nafn hér undir með eiginn hende. Og mynu vanalegu zignete hér fyrir nedan áþricket. Að Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu datum 25 septembris Anno 1695

Rögvaldur Sigmundsson með
Sign40

Hér skrifuðu þeir valdsmenn; Jón Sigurðsson (um 1649-1718) sýslumaður og Rögvaldur Sigmundsson (1638-1703) sýslumaður.⁴¹


Í handritinu sést að sýslumenn hafa lagt sig fram um að vinna jarðabókarverkið samkvæmt fyrirmælum konungsvaldsins. Eignamenn jarða voru yfirheyrdir og gert að gera grein fyrir jarðeignum sínum. Eignarmanni bar að segja til um eignarhlut í jörð og hvernig hann var að eigninni kominn. Á hreppsþingum, oft þriggja hreppa, var dýrleiki jarða auglýstur í heyranda hljóði svo og eignamenn og eignarpartar.

Jarðabók, í hér þá fjóra þingstade Múla sýslu sem Björn Pétursson hefur að þjóna, Samantekinn og uppsett Anno 1695 Enn handskriftud sama árs þann 27 sepembris að settu þynge under Áse í Fellum og þangad kölludum Brúar og Ás þyngs sóknar mönnum.⁴²

Þannig var þingmönnum gefinn kostur á að leiðrétta rangar skráningar. Skráningin fór fram í viðurvist vökulla augna og eyrna fjöldans. Skráningunni var þinglýst. Þá voru þinglýsingar þinglýsingar.

Hreppsþingin voru dómþing og skráning jarða hvers hrepps var staðfest með undirskrift vitna, sem voru einkum hreppsstjórar og lögréttumenn. Hér voru dómtæk vitni; menn sem áttu eignir og stóðu nálægt valdaelítu landsins. Loks undirritaði sýslumaður hvert hefti og innsiglaði með sínu embættissigneti. Í formálum og eftirmálum jarðarbókarhefta hverrar þingsóknar kemur fram hvernig að verki var staðið.

Jarðabækur Skaftafellssýslna í handritinu AM 463 fol. eru merkar heimildir um hina óformlegu Kauphöll jarðaprangs á Íslandi í 700 ár. Báðar gerðar samkvæmt fyrirmælum Rentukammers. Sú fyrri skráð á þingstað undir augum þingvitna á Leiðvelli vottuð með undirskrift sjö þingvitna og loks undirskrifuðu eiginverk, sýslumenn Skaftafellssýslna bræðurnir úr Sólheimasókn Ólafur og Ísleifur Einarssynir. Þar eru Sólheimar ytri skráðir 100 hundruð.



Eftirmáli Jarðabókar 1695 er þannig:

Þesse hier að framann skrifud Jarðabök með hólldnum dýrleika landskuldum og Leigukúgillda tale, var upplesenn og samannborid nu a Leydvallar þynge Anno 1695 þan 21 Dag Septembris við medkenningar skriflegar, í originalz Jarðabokinne under þeirra hóndum trulegra og veraldlegra, sem hier áður tjád Klaustur, kóns Jarðer, Beneficia, kyrkna og Presta upphelldis Jarðer með Hospitale og Christfie hallda að frátekinni handskrift klausturhaldarans hálfz Þyckvabæjar Mons Jóns Ejölfssonar þá yfirlýsa sýslumennirnir Ólafur Einarsson og Ísleifur Einarsson sig halldinn dýrleika, landskuld og leigukúgildi eftir gömlum jarðarbókum Innsett hafa sem og eftir þui er Truverdur sýslumaðurinn Ólafur Einarsson higgur landskuld og leigukúgildi á hér sögdum hálfz Þyckvabæjarklausturs jörðum vera, sem

⁴⁰ Handrit í Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 346.

⁴¹ Páll Eggert Ólason, 1951: *Íslenskar æviskrár*. Reykjavík. Bls. III 260 og IV 185.

⁴² Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 2r

virdulegur Mons Jón Eiolffsson heildur til huórs lagfæringar Syslumennerna setia, þad sem hann sier hier uti, ofskrifad edur vanskrifad

En allann bændaeygnarinnar dýrleika, landskulldir og leigukúgilldi sérdeilis það sérhvör í þeirri jörðu á, og hvörninn adur af hvörjum hann hefur þá jörð fengið með synu Dato er sögðum sýslumönnum ómögulegt svo flíótt að fullgjöra, að það innfært og afgreindt verði fyrir næstkomandi Marteinsmessu. Því þeirrar nockrar bóndaeygnar eigendur eru bæði norðanlandz og í austfiörðum. Þo vilia þeir það mögulegt er efter herra Logmansens firerlagningu í því seirna brefe, sem hann hier um skrifar vidleitast eftergangast og næstkomande Alþyngje afhendast lata, það þeir framast hier uti afreka og það í þessa Jarðabok Innfæra, verði þeim það þá tilsagt, því nöfn jarðanna eru hér áður innkominn. Ad þetta suo sierhuad af Syslumónnunum underlagt En af oss tilnefndum þyngvitnismönnum Jatad seu til merkis vorar Eigenn handskrifter hier under settar. A Leidvallarþyngi í Skaptártungu þan 21 Dag Septembris Anno 1695

Pall Biarnason meh, Jon Eirijksson eh, Einar Stephansson meh
Sigurdur Jonsson meh Thorbergur Thorsteinsson Mp
Hune Oddsson meh Jon Þorsteinsson meh

Að þessi jarðabók er af oss undirskrifuðum með soddann Moti uppsett og samantekin hvöria vér sendum til veleðla og velbyrðigs hr Amtmannsins fullmegtugs Mons Jóns Eiolffssonar hvoriu til merkis við skrifum vor nöfn með eiginhöndum og vorum signetum hjá þryktum Á Leyðvelli í Skaptártungu Dag 21 Septemb Anno 1695

Ólafur Einarsson eh Ísleifur Einarsson meh
LS LS⁴³

Þingið á Leiðvelli hefur líklega verið fyrir alla vestursýsluna, þá þriggja hreppa þing.⁴⁴ Hverjir koma þar við sögu? Sýslumennina þarf ekki að kynna aftur. Jón Eyjólfsson (1642-1716) fékk umboð hálfis Þykkvabæjarklausturs árið 1684, gengdi lögmans- og amtmannsstörfum og var við ævilok sýslumaður á Nesi við Seltjörn. Oddur bróðir hans er einn af sveinum Brynjólfs biskups í vísitasíum, sem hér koma við sögu. Síðar hélt Oddur Holtstað undir Eyjafjöllum.⁴⁵ Páll Bjarnason (1657-?) var lögréttumaður og hreppsstjóri Fljótum, Sigurður Jónsson (1647-?) hreppsstjóri Hólmum, Húni Oddsson (1666-?) bóndi á Búlandi.⁴⁶ Aðrir verða ekki þekktir svo víst sé.

Síðari jarðabókin kallar einnig ríkt til virðingar um meistarastikki í skriffinnsku. Aftur verk þeirra bræðra. Lokið með eftirmála að Þykkvabæjarklaustri 19. maí 1697. Halldinn dýrleiki Ytri-Sólheima er skráður 100 hundruð. Eigendur eru sex og eignarhlutur allra skráður. Samanlagður dýrleiki er 99 hundruð og 69,5 álnir. Einhver eignarmanna vanreiknar sér 50,5 álnir.

Þeir bræður, sýslumenn Skaftafellssýslna, ljúka því verki sem þeir voru til kallaðir með því að skrifa nýja jarðabók árið 1697. Eftirmálann undirrita þeir 19. maí 1697 á Þykkvabæjarklaustri. Í þeirri jarðabók eru allar upplýsingar, sem voru í fyrri bók þeirra. Auk þess er gerð grein fyrir eigendum, eignarhlut og hvernig eigendur eru komnir að eignum sínum. Þá reikna þeir reiknaðan dýrleika allra jarða, með því að tvítugfalda landskulld. Í öðrum sýslum er hinn reiknaði dýrleiki ekki skráður. Verk þeirra bera vitni um þekkingu og fagmennsku embættismanna. Jarðabækurnar yfir Skaftafellssýslur eru með listaskrift og í handritinu er gengið skipulega til verks með því að skipta hverri síðu í fjóra dálka og sundurgreina þannig efnisatriði. Skipulag skráningarinnar þar með talin skipting handritsins í dálka er raunar samkvæmt fyrirmælum í fyrrgreindu bréfi Rentukammers frá 11. maí 1695.

Anno 1697 Jarðabook í Skaftafellspinge: Niðurreiknadur og uppsettur Jarðanna Dyrleiki, efter Landskulldarhæd, so sem Kongl Majest C5ta: Stridshjalpar brief fyrir setur Anno 1679 þann 21. Maj. En þann gamla halldna dyrleika er hier og að síá sjá til vinstri handar a Spatzionne.⁴⁷

⁴³ Handrit í Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 400r.

⁴⁴ Lýður Björnsson.1972: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*, fyrri bindi. Reykjavík. Bls. 116.

⁴⁵ Páll Eggert Ólason, 1950,1951. *Íslenskar æviskrár*. III bls. 107 og IV. bls. 9-10.

⁴⁶ Björn Magnússon, 1970: *Vestur-Skaftafellingar*. Reykjavík. III. Bls. 218 og 409, II Bls. 206.

⁴⁷ Handrit í Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 38r.

Sjá má að listaskrifari hefur hér haldið um fjöðurstaf. Textinn vísar til að reiknaður dýrleiki skuli vera tvítugföld landskuld.



Jarðabókin þjónar tveimur herrum. Fremsti dálkur þjónar eignaskráningu í landinu og þar með landeigendum. Dálkur tvö þjónar því hlutverki að vera landleigugjaldstofn fyrir konungvaldið eins og jarðabókin frá 1686. Dýrleiki er bæði „niðurreiknadur“ og „halldinn“. Um þennan formála farast Birni Lárussyni svo orð:

The preamble to the land register of all farm properties in Skaptafellsýsla calls attention to the letter from Crown dated 1679 referring to the extraordinary tax; it states also that the properties are assessed at a value 20 times the land rent, but that the earlier property value of each farm is entered in the left margin. However there is a discrepancy between the new tax values in the mentioned manuscript and the tax values in the 1686 land register, used in the calculation of the property values, being partly faulty in construction.⁴⁸

Að skráningin í annan dálk sé samkvæmt stríðshjálparbréfinu, sést á því að þar er við hverja jörð skráð nafn jarðar og; „reiknast“ og þá dýrleikinn. Í dálk þrjú er skráð landskuld og í fjórða dálk eru skráð leigukúgildi, sem jörð fylgja.

Hvergi hef ég rekist á að þeir bræður; sýslumenn, reikni skakkt hinn „niðurreiknaða“ dýrleika konungvaldsins og þarf þó að tylftarreikna tvítugföldunina. Það er meira en hægt er að segja um jarðabók Rentukammers frá 1686 eða *Rk. No 168*, eins og doktor Björn bendir á. Eftirmálinn er svofelldur:

Þessi fyrrskrifud jarðabók er enn að nýju Anno 1697 yfir alla Skaptafells sýslu uppskrifud, ítrekud og endurnýjud, hvad við höfum látid undir þann sídasta afhendingartíma bíða uppá það ef fengid hefdu andsvar úr öðrum sýslum um bændeignanna adkomst. hvar á helst hefur stadid jarðabókenu að fullgiöra, og enn nú stendur í nokkrum stöðum þar datum til vantar. Eru hér nú innfærðar allar þær jardir með dýrleika, landskuldahæd og kúgildum, sem í þeirri af oss skrifaðri jarðabók uppskrift stódu, er velbyrdigs herra amptmannsins fullmeztugum sendum Anno 1695. Enn það þar í vantadi og sídan hefur uppspurst edur hjá eignarmönnunum feingist þá er það nú í þessa innfært, hvad og velflest stóð í þeirri bændaegnar uppskrift sem framlögð var á næstliðnu alþingi. Þar sem sýnist í þessari jarðabók færri kúgildi með kirkjustöðunum enn af þeirri fyrri sjá má, þá er þar vel merkjandi nær saman er lesid að þau kirkjukúgildi eru nú aðgreind til undirliggjandi kirkjujarda. Item um þær jardir Rauðháls og Steig sem ei stódu nefndar í þeirri fyrri uppskrift, þá hafa þær ádur í gömlum jarðabókum verið með Dyrhólum reiknadar, enn nú eru þær adgreindar og undir kirkju eign Dyrhóla auglýstar. Kunni nú nokkud í þessum jarðabókum misskrifad finnast, þá viljum vid þar a leiðrétting eiga, sem meir hefur valdid einföld yfirsjón enn ásetningur, ef finnst. Öllu fyrrskrifudu til merkis eru okkar nöfn hér undirskrifud og venjuleg signet hjá þrykt. að Þyckvabæjarklaustre í Álfhverfi. datum 19 Majj, Anno 1697.

Olaffur Einarsson me Ísleifur Einarsson meh
(LS) (LS) ⁴⁹

⁴⁸ Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. Bls. 17.

⁴⁹ Handrit í Árnastofnun. AM 463 fol. Bls. 56r.

Í málsskjölum frá árinu 2008 var ég með afrit af AM 463 fol. og þar vantaði mikið uppá rétt jarðarhundruð. Það var með öðrum orðum villa í afritinu.

Eignaskráning jarðarinnar Ytri_Sólheimar er eftirfarandi:

Bændaeign halldin LL H Páll Ámundason á 30 H 47 al þar í til erfda fallid 5 H eftir hans födur Ámunda Þormóðsson A°= 1675. Ítem hálf þridja hundrad keypt af séra Einari Magnússyni Anno 1684 13 Octobris, 5 H keypti hann af Sigurdi Hákonarsyni Anno 1684 23 Decembris. 9 ½ H 7 ½ al gefid í proventu af Vigfúsi Sigurdssyni Anno 1685 þann 11 Juni, 8 H 40 al keypt af Jóni Eyjolfssyni 1687 Séra Högni Ámundason á 26 H, 5 H þar í að erfð eptir sinn födur Ámunda Þormóðsson, Anno 1675, 2 ½ H keypt af séra Einari Magnússyni, Anno 1684 13 Octobris, 5 H af Sigurdi Hákonarsyni, 1684, 23 Decembris, 9 ½ H 7 ½ alin gefid í proventu af Vigfúsi Sigurdssyni, 1685, þann 11 Juni, Ítem 4 H keypt af erfingjum séra Sigurdar Jónssonar . Guðmundur Magnússon á 15 H . Jón Fabíánsson á 12 1/2 H keypt af séra Katli Halldórssyni og hans bræðrum 1694. Ísleifur Einarsson á 8 H 15 al, 6 H keypt af Sigurdi Hákonarsyni 1684 enn 2 H gaf honum Einar Þorsteinsson 1686 – Magnús Kortsson á 7 ½ H keypt af Magnúsi Þorsteinssyni, Anno 1660.	Sólheimar ytre		
	Reiknast LLVIII H 40 al ⁵⁰		
	Landskuld	5 H 50 al	
	Kirkjukúgildi		14 1/2

Dýrleiki heimastaðarins skiptist þá þannig milli eignarmanna Sólheimatorfu:

Jarðabók Skaftafellssýslu dagsett 19. maí 1697	hundruð	álnir	hundruð
Páll Ámundason yngsti, lögréttumaður Ytri-Sólheimum	30	47	30,4
Séra Högni Ámundason, Eyvindarhólum	26	7,5	26,1
Guðmundur Magnússon hreppstjóri, Leirubakka á Landi	15		15,0
Jón Fabíánsson hreppstjóri, Flögu Skaftártungu og var umboðsmaður Tungujarða	12,5		12,5
Ísleifur Einarsson sýslumaður, Felli Suðursveit	8	15	8,1
Magnús Kortsson lögréttumaður, Árbæ í Holtum	7,5		7,5
Samtals	99	69,5	99,6

Upptaldir eignarhlutir eignarmanna eru nálægt tíutíu hundruðum. Ljóst er að einhver eignarmaðurinn á örlítið meira en hann gerir kröfu til, því 50,5 álnir eða 0,42% vantar á hinn skráða halldna dýrleika tíutíu hundruð.

Efni og frágangur jarðabókanna 1695/1697 fyrir Skaftafellssýslur ber með sér að þar hafa kunnáttumenn fjallað um jarðir sýslanna og á það ekki síst við um Ytri-Sólheima. Þeir bræður; sýslumennirnir, ólust upp á Felli í Mýrdal og voru nákunnugir á Ytri-Sólheimum. Sólheimakirkja var þeirra sóknarkirkja til fullorðinsára og faðir þeirra og frændur eignarmenn jarðarinnar. Minna má á að Ísleifur skrifar undir vísitasíu Þórðar biskups árið 1677 þar sem „heimastaðurinn“ er skráður tíutíu hundruð. Sjálfur er hann eignarmaður Sólheima við gerð jarðabókarinnar.

Það eru rík efni að staldra við skráninguna „Bændaeign halldin LL H“. Hér fyrr í umfjöllun um vísitasúr bendi ég á að biskup krefur eignarmenn jarðar, um portion kirkjunnar, í hlutfalli við kaupahlut, hvers og eins. Eignarbréf eignarmanna vitna um réttmæta portion hvers eignarmanns. Sýslumenn skrá jarðeignir í jarðabók samkvæmt fyrirmælum Rentukammers.

Rétt er að koma í veg fyrir aulalegan misskilning um orðalagið „halldinn dýrleiki“, þ.e. að dýrleikinn sé óstaðfestur, eitthvað sem menn haldi að sé kannski. Í þess stað er hér um að ræða fornt orðalag

⁵⁰ Tvítugföldun á landskuld 5 H og 50 álnir: $(5 \cdot 120 + 50) \cdot 20 = 13.000$ álnir. Því næst: $13.000 / 120 = 108 \frac{1}{3}$ H eða 108 H og 40 álnir.

um að búa á jarðeign, þ.e. að halda jörðina, nytja hana sér til framfærslu. Orðalagið er þó ekki fornara en svo að PEÓ bregður því víða fyrir sig í Íslenskum æviskrám. Ég tek þann kost að stafsetja sögnina „hallda“ að fornu lagi með tveimur ellum.

Það fer ekki milli mála að í jarðabókina eru skráðir eignarpartar eignarmanna, þ.e. kaupahlutarnir í samræmi við fyrirmæli Rentukammers. Kirkjuhlutans er að engu getið, en allir sem að verkinu stóðu vissu að kirkjan átti hálfa jörðina.

Það er ekki hægt að sleppa því að tvítugfalda 5 H og 50 al landskuld Ytri-Sólheima. Það reiknast: 5 H * 20 = 100 H. Þá álnirnar: 50 al * 20 = 1000 al, sem umreiknast 1000/120 = 8 H og 40 álnir í afgang. Þar með er reiknaður dýrleiki torfunnar 100 H + 8 H og 40 al eða 108 H og 40 al.

Í þessari greinargerð er ekki rými til að birta rannsókn mína um að Árni Magnússon notaði AM 463 fol sem heimild um dýrleika jarða. Árni orðar þetta í bréfi er hann ritar í Kaupmannahöfn árið 1709.

Angaaende den general jordebog som Hr Justitzraad og amtmand Müller A°1698 (om jeg ret mindes) indleverede i hans Kongl. Majestets Rente-Cammer, da er den visseligen langt bedre end de forrige [þ.e. No 1°], dog er der inde glemte nogle af hans Majestets eiendomme i landet, at gaa forbi andre ringere vildelser...⁵¹

Næsta heimild lætur ekki mikið yfir sér, handritið ÍBR 22 8vo, lítil bók frá um 1720, með öllum fornum jörðum Íslands. Aðgengileg á vef Háskólabókasafns. Þar eru Ytri-Sólheimar skráðir 100 hundruð.

Vísitasíur Jóns Árnasonar

Jón biskup Árnason (1665-1743)⁵² vísitarar Ytri-Sólheima 20. júní árið 1724. Undir vísitasíuna skrifar biskup og fylgdarmenn hans, Jón Andrésón (1700-1780) síðar prestur í Arnarbæli⁵³ og Jón Magnússon (1700-1779) heyrari í Skálholti.⁵⁴ Þá skrifar Erlendur Gunnarsson (1691-1730) klausturhaldari í Þykkvabæ⁵⁵ undir. Erlendur var sonarsonur Einars sýslumanns Þorsteinssonar. Ekki eru ráð til að þekja Jón Jónsson sem einnig skrifar undir. Eiríkur Gíslason lögréttumaður á Flögu var tengdasonur Jóns Fabíanssonar, sem er eigandi að 12 ½ H árið 1697.

.....Fram kemur að eigeendur jardarinnar séu nú sem stendur, Madame Gudrún Hákonardóttir að 26 H 15 al: sýslumadurinn Monsr Bjarni Nikulásson að 10 H, heidurlegur sr Gudmundur Pálsson að 2 H 60 al: Monsr Einar Högnason að 35 H 115 al: Monsr Eiríkur Gíslason að 10 H Oddur Bárðarson að 15 H og 50 al, verður þess vegna að skifta ádurskrifadri skuld kirkjunnar sem nu hiá þeim stendur hvörra allra proportionaliter so að hvör einn betali eftir hve mikid sem hann á í jördunni....

Heimajörðin; þ.e. Sólheimatorfa er sem fyrr tíutíu hundruð að fornu mati og skiptist svo milli eignarmanna höfuðbólsins:

Vísitasía að Sólheimum í Mýrdal 20. júní 1724	Hundruð	Álnir	Hundruð
Guðrún Hákonardóttir Ytri-Sólheimum	26	15	26 1/8
Bjarni Nikulásson sýslumaður Ytri-Sólheimum	10		10
Séra Guðmundur Pálsson á Kolfreyjustað	2	60	2 1/2
Einar Högnason lögréttumaður Ytri-Sólheimum	35	115	35 23/24
Eiríkur Gíslason lögréttumaður Flögu	10		10
Oddur Bárðarson á Miðskála	15	50	15 5/12
Samtals	98	240	100

⁵¹ Kr. Kålund, 1916: *Arne Magnusson Embedsskrivelser og andre Offentlige Aktstykker*. København. Bls. 320-331.

⁵² Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár III*. Bls. 44.

⁵³ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár III*. Bls. 39.

⁵⁴ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár III*. Bls. 220.

⁵⁵ Páll Eggert Ólason, 1950. *Íslenskar æviskrár I*. Bls. 437.

Jón biskup vísiterar staðinn að nýju árið 1731, hvorki er þá skráður dýrleiki eða eignarpartar. En árið 1741 vísiterar biskup og skrifar langa skýrslu heimkominn í Skálholt.

Hluti texta er undirstrikaður hér: Ekki lesið nákvæmlega saman, en eignarpartar eru auðlesnir.

Þegar Sólheima kirkia í Myrdal var syðast vísiterud af biskupinum Jone Árnasyne þann 9 da júnii 1741. Reiknadist so ad hennar fjárhalds menn væru henni skuldugir umm 17 H 43 ½ al: af þessari summú á med réttu ad dragast kirkjunnar inntekt umm næstlidin 3 ár því ad sýslumadurinn Sr Jon Thorsteinsson hefur hana upp borid nefnilega það sem geingid hefur af föstum eignar tíundum til ad kaupa med vín og bakstúr, 63 al lausafjartíundina umsgadann tíma 108 al og ljóstolla verdid 1 H 49 1/2 al til samans 2 H 100 ½ al. Þetta teked af 17 H 43 ½ al, lætur eptir 14 H 63 al sem allir eigendur jardarinnar eiga kirkjunni ad svara hver einn so sem tala nemur til, nefnilega madame Gudrún Hákonardóttir sem er eigandi ad 26 H 15 al á ad betala 3 H 95 861/2400 al. Sýslumadurinn Hr Biarne Nicolasson eigandi ad 10 H; 1 H 54 3/10 al. Séra Gudmundur Pálsson eigandi ad 2 h 60 al; 43 69/120 al. Mr Einar Högnason eigandi ad 35 H 115 al; 5 H 26 1809/2400 al. Monsjor Eiríkur Gíslason eigandi ad 10 H 1 H 54 3/10 al. Erfingjar Odds heitins Bárðarsonar eigendur ad 15 H 50 al; 2 H 28 171/240 al Súmma 14 H 60 al. (Þær 3 alnar sem fractús í þar inni bindur hljóta ad falla nidur því þeim verður ekki hentuglega skiftt á medal so margra). framar er adgætandi.....1°ad velnefnd Gudrún Hákonardóttir hefur kostad meiru uppá kirkuna, nefnilega 6 H 102 al - eptir því sem sídasta vísitasía útvísar, enn svarar þeirri skulldu sem hún á henni ad greida. nefnilega 3 H 95 al hverjar af dregnar verda af 6 H 102 al Þá hefur hún til baka 3 H 7 al. Nú kann einhver ad seigia ad hún hafi meira uppborid af Portione kirkiunnar á medann hún tók einsömul vid hennar gjaldi enn svarar þeim kvót sem hún á í jördunni, þar fyrir mun hún ekki meiga heimta þessi 3 H 7 al sem áður er umm getid. 2° er þess ad gæta ad mr Einar Högnason hefur tillagt kirkjunni hökul tekinn af biskupinum í 1 H so sem lesa má í sídustu vísitasíu; þar fyrir er það 1 H er dregid af 5 H 26 al þá verður skulldin ekki eptir hjá honum nema 4 H 26 al. 3°hefur sýslumadurinn Hr Biarne Nicolasson tillagt alttarisklædi tekid í 40 al. hverjar af dragast af hans skulldu 1 H 54 al, þá á hann ekki eftir ad greida kirkjunni nema 1 H 14 al

Allur þessi reikningur stendur upp á álnatalid sem hvör proprietarius fyrir sig á í jördunni enn ekki uppá hæd kirkju skuldanna sem hann hefur uppborid því það er óljóst, þar med liggur sá sá ordrómur á Proprietariis, ad þeir hafa tekid þær tíundir og ljóstolla kirkjunnar sem þeir hafa kunnad so sýnast má ad innheimtur og adtekt kirkiu skulldanna hafi á fyrirfarandi tímum hafi ekki so riktullega tilgengid sem skulldir hver ekki má hér eftir lídast.


Þar fyrir óskar biskupinn af fyrrverandi sýslumanni Sin-jor Jone Thorsteinssyne sem er búandi á Sólheimum og hefur stadid riktug skil á kirkuinnar portion um næstlidinn 3 ár ad hann um næst eptir filgiandi þriggia ára tíma, ef gud lofar, Innheimti alla kirkiunnar Portion, tíundir, ljóstolla og legkaup af öllum þeim sem kirkiunni eiga nokkru ad svara, hvort þeir eru á heimajördinni búandi eda í sókninni og gera so Reikning fyrir það sem geingur af kostnadinum ad kaupa vín bakstur og líós handa kirkjunni og ef hún kann ad þurfa med nokkrar reparation skal hann hafa 20 al á ári fyrir það ómak og þar ad auki sektir sem dæmast kunna þeim á hendur, sem hann þarf fyrir sem hann þarf fyrir óskil ad lög sækia gefur Biskupinn Jón Árnason so sem kirkiunnar Inspector honum fullmakt til þessarar Ráðsmennsku. Öll inntekt kirkiunnar sem geingur af výni, bakstri og hennar lýsingu, hleipur á ári hverju til um 1 H fyrir utan legtolla, ef nokkur kunna til ad falla nú sem stendur er sýslumadurinn Sr Jon Thorsteins kirkiunni skyldugur edur hennar Proprietarius umm 55 ½ al fyrir útann 28 al legtolis sem syðasta vísitasía ummgetur, því ef ég tek 2 H 45 al sem hann hefur kostad uppá kirkiuna af 2 H 100 ½ al sem hann hefur upp borid af hennar gjöldum í næstlidin 3 ár. Þá verda eptir 55 ½ al so sem áður er sagt.

Öllu þessu til merkis og meiri stadfestu er undirskrifad nafn ad Skalhollte þ 30 júnii Anno 1741 Jon Árnason

56

Reiknisgerð biskups um hvernig portion kirkjunnar skuli skiptast á eignarmenn staðarins, eftir dýrleika er tiltekin og lítur þannig út:

⁵⁶ Handrit á Þjóðskjalasafni: Vantar númer. *Vísitasubók Jóns Árnasonar*. Bsp A VII 17, Bls. 210-218.



Skipting jarðarinnar á milli eignarmanna er óbreytt, frá fyrri vísitásiu árið 1724 að því undanskyldu að Oddur Bárðarson er dáinn og hlutur hans genginn til erfingja:

Vísitasía að Sólheimum í Mýrdal 9. júní 1741	Hundruð	Álnir	Hundruð
Guðrún Hákonardóttir Ytri-Sólheimum	26	15	26 1/8
Bjarni Nikulásson sýslumaður Ytri-Sólheimum	10		10
Séra Guðmundur Pálsson á Kolfreyjustað	2	60	2 1/2
Einar Högnason lögréttumaður Ytri-Sólheimum	35	115	35 23/24
Eiríkur Gíslason lögréttumaður Flögu	10		10
Erfingjar Odds Bárðarsonar	15	50	15 5/12
Samtals	98	240	100

Jarða- og bændatal skráð 1753

Fyrirmæli Rentukammers til Skúla Magnússonar um Jarða- og bændatal eru frá 1.5.1751. Jarða- og bændatal fyrir Skaftafellssýslu skrifar Þorsteinn Bjarnason lögsagnari á Ketilsstöðum árið 1753. Hann skráir samkvæmt fyrirmælum Rentukammers og nú bregður nýrra við. Hann skráir bæði kaupa- og kirkjueign: 1/2 Kirkjueign 100 hundruð og 1/2 bændaeign 100 hundruð! Nei, bændaeignin fölsuð í 100 hundruð og 40 álnir og ég tel mig vita hvað honum gekk til! Þá er hálfur ekki hálfur nema hann sé hálfur.

Fjórum árum fyrr höfðu Sólheimingar staðið í ströngu að verja eignir sínar fyrir réttmætri ásælni kóngsvaldsins, eftir að einn af dekurdrengjum aldarinnar hafði pantsett jarðeign tengdamóður sinnar. Bjarni sýslumaður dæmdi, á Dyrhólaþingi 13. júní 1749, vítur á veðsetninguna. Þeim feðgum hefur ekki hugnast að hafa 40 ofskráðar álnir í uppnámi ef til nýs dómsmáls kæmi. Skráningin á álnunum 40 ber öll ummerki einbeittrar eftirá innfærslu.

Dyrhóle Þingsögð

Sólheimar	Kirkja sögð	100	1/2
Proprietari sögð		100	5-50
Bygðnumad S ^{te} Bjarne Nicolajen			

Í Kaupmannahöfn er staðið marga vetur, á árunum 1760 til 1769, við skrifpúlt í góðri stofu og skráð vegleg uppskrift, úr ýmsum handritum. Verkið er nefnt: Jarðabók Skúla fógeta 1760. Ég er ekki

hlutlaus um skrautverkið, því ég hef lengi verið sannfærður um villuskráningu Ytri-Sólheima. Þrátt fyrir skruðið er þetta samt bara uppskrift og þeim ber að vantreysta.

Dýrleikinn er tortryggilegur, forn dýrleiki stórjarða stóð aldrei á broti. Á þessu hef ég nú gert litla athugun. Ég gerði töflu með öllum jörðum Íslands, sem eru 80 H eða meira í *AM 463 fol.*, samkvæmt „*Old Icelandic...*“ og fæ þannig 51 jörð. Þrjár þessara jarða: Ytri-Sólheimar, Reynir og Skál eru ekki í *Jarðabók Árna og Páls*, en dýrleikum allra hinna 48 ber saman í jarðabókunum. Það standa gildar heimildir og rök til þess að *AM 463 fol* hafi verið það hjálparrit, sem Árni Magnússon sótti í Rentukammer, áður en hann lagði í Íslandsála vorið 1702. Dýrleikann 80 H hafa 23 jarðir, 5 eru 90 H, 18 eru 100 H, 3 eru 120 H og 2 eru 160 H og eru þá allar. Hjá Johnsen hafa 28 þessara jarða nýjan dýrleika og til eru lögmæt skjöl um lækkaðan dýrleika margra.

Eyfirskir stórbændur létu af sér álögum á lögmætan máta um miðja átjándu öld, undir styrkri stjórn Þórarins sýslumanns á Grund, sem er ættfaðir Thorarensena. Formlegar, lögmætar áreiðar sýslumanns með skýrslugerð og fulltingi vildarbænda létu af þeim tíundum vegna tæplegra 1200 hundraða og þá um 45% af skattbyrði jarðanna. Eyfirðingar lækkuðu dýrleika 52 jarða, af þeim voru 11 með dýrleika 80 H eða meira.⁵⁷ Augljósari var þörfin að lækka dýrleikann á höfuðbólínu Skál á Síðu, úr 90 H í 12 H, eftir Skaftárelda. Fleiri, en Eyfirðingar, kunnu að líkindum til slíkra verka á átjándu öld. Hjá Johnsen er aðeins ein jörð með dýrleika uppá brot, nefnilega Ytri-Sólheimar.

Hvergi í sögu Íslands, veit ég dæmi þess að kaupahluti jarðar hafi verið hækkaður frá hinum forna dýrleika. Það var með öðrum orðum alltaf augljóst mál, fyrir alla þá sem vildu sjá, að dýrleiki Ytri-Sólheima í *Jarðabók Skúla 1760*, var bull.

Í *Jarðabók Skúla* er skilmerkilega skráð á bls 71 að dýrleikar jarða í Skaftafelissýslu séu upp skrifaðar „Specification“ samkvæmt „Specification“ í *Jarða- og bændatali* skráðu árið 1753 af Þorsteini Bjarnasyni.

Hér eru lögð fram gögn sem sýna að skráningin í bók Skúla er ekki samkvæmt frumheimildinni; *Jarða- og bændatalinu*. Fyrst blaðsíða 59 í *bændatalinu*, um að verið sé að skrá „Specification“ jarða árið 1753 og dýrleiki höfuðbólsins, Ytri-Sólheimar, samtals 200 H og 40 al. Í *bændatalinu* á bls. 70, er undirskrift Þorsteins Bjarnasonar á Ketilsstöðum.

Í stað þess að skrá rétt af bls. 59 í *Jarða- og bændatali* dýrleikann 200 hundruð og 40 álnir er í *Jarðabók Skúla* skráð á bls. 73 að dýrleiki jarðarinnar sé 1 HH og 1/6 H eða 120 H og 20 álnir. Ekki veit ég hvernig villan er til komin. Það eitt skiptir máli að vitlaust er vitlaust!

Skráningin í *Jarðabók Skúla 1760*, er **eldri fúastoðin**, sem dómarar Hæstaréttar notuðu til að byggja sinn dóm á.

Íslendingar mínast Skúla fógeta m.a., sem „föður Reykjavíkur“. Hann knúði kóngsvaldið til að byggja veglegt hús, sem nú hýsir forsætisráðuneytið. Það þurfti mikils við til að byggja „Múrinn“; fangelsi fyrir „deliquenta“ aldarinnar. Þann 10. nóvember 1759 hélt Lýður sýslumaður þing á Dyrhólum, vegna tugthústolla og skrifar vottaða skýrslu um dýrleika jarða í hinum forna Dyrhólahrepp. Neðst á fjórðu skjalamynd úr Landfógetasafni eru „...Solheimar ytre 100 H...“.

Það þarf ekki langar tölur um skráningu Sólheimatorfu í veðmálaregistur. Þorpið „uppá stjött“ er 92 H og 70 álnir og Hjáleigan skráð 7 H og 50 álnir - samtals 100 H. Í Alþingisbókum Íslands eru kaup

⁵⁷ Bogi Benediktsson, Reykjavík 1881-84: *Sýslumannaæfir*. Bls. 276-278

Jóns Bjarnasonar í Sólheimahjáleigu sumarið 1784, staðfesting á dýrleikanum. Síðar glupruðu níttjándu aldar menn dýrleikanum niður um 10 álnir.

Ég hef séð að *Jarðabók 1806* er ekki villulaust verk, en hún er rétt um Sólheimatorfu og það sem af ber, er að upp eru taldir eigendur allir og eignarpartar: Þetta fólk er ekki lengra frá mér en svo að ég kenni skyldleikans og veit þau öll fúnuð í foldu, þar sem ég ætla mér leg um síðir. Myndir af *Jarðabókinni 1806* lagði ég fyrir dómara Hæstaréttar og uppskrift á eignarpörtunum, eins og sjá má í þeim málsskjölum, sem ég tefli hér fram.

Dómararnir fimm höfðu ekki fyrir því að lesa skiptingu jarðarinnar milli eigenda árið 1806, þótt ég væri búinn að stafa skráninguna ofan í þá, eins og sjá má neðan við jarðamatsgögnin frá 1806. Í málsskjölum hæstaréttarmálsins merkt „Hdskj. 10“ á bls. 74. Tilvísun Johnsens í *Jarðabók 1806* er **önnur fúastoð** Hæstaréttar, til að standa undir dómi.

Ekki er vegur að hrósa öllum sýslumönnum níttjándu aldar fyrir fögur handrit. Magnús Stephensen (1797-1866) sýslumaður á Höfðabrekku, skráir dýrleika jarða í sýslunni og undirritar 15. mars 1844. Með því að stækka myndina tekst að ráða fram úr því hvernig torfan skiptist á eigendur og eða ábúendur. Manntalið 1845 gefur vísbendingu um 7 eldstæði, þótt verið gætu 6. Skipting sýslumanns er mér kunnugleg: Tveir partar 25 H, hvor. Það var á tuttugustu öld nefndar austurjarðir Sólheima - hálf torfan. Ungur lærði ég að austurjarðirnar voru Sverrisjörð og Vigfúsarjörð því tengdasynir bræðranna Berents og Egils Sveinssona bjuggu á jörðunum um aldamótin 1900. Erlingur afi minn keypti Sverrisjörð 30. janúar 1905 að dýrleika 25 H forn. Sólheimakot er 12 H og er auðrakið til Páls yngsta Ámundasonar, sem deyr í Stórubólu um 1707. Hjáleigan 7 H og 50 al, var í vörslu Hallberu dótturdóttur Jóns Bjarnasonar hreppsstjóra og vinar eldklerksins. Ég er fjórði maður frá Hallberu Sveinsdóttur. Sýslumaður skráir 20 H og 47 al part og einn part 10 H og 23 al. Samanlagt er skráningin 99 H og 120 al. Þarf þá frekari vitna við um dýrleikann 100 H?

Þá er komið að *Jarðatali Johnsens 1847*. Í endurupptökukröfu eru ekki efni til langra fræðilegra hugleiðinga.

Jarðatal Johnsens er gert eftir gömlum heimildum og gat því aldrei orðið réttara en frumheimildirnar. Hins vegar má ljóst vera að inn í uppskriftir geta ratað villur ef miðað er við að frumtexti sé hið rétta. Hér var ekki verið að festa á bók nýjan stórasannleik. Bókin var tilraun til að gera gamlan dýrleika jarða aðgengilegan almenningi og til þess gekk Johnsen rösklega til verks, eins og fram kemur í formála hans:

Sumum kann að þykja nokkuð ótrúlegt, að eg hafi leyst verk þetta af hendi á eigi lengri tíma enn eg hefi haft til þess, frá því um nýárs-leitið, ... Kaupmannahöfn, 12ta dag Maí mánaðar 1847. J. J. s. xi og xiii.

Vorið 1970 skrifaði Björn Teitsson ritgerð til meistaraþrófs í íslenskum fræðum, sem nefnist *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Í kafla um heimildir segir Björn svo:

Jarðatal Johnsens frá 1847 er sums staðar haft til nokkurrar hliðsjónar um það, hvort jörð er talin í sjálfábúð eða leiguábúð. Frumheimildir eru þó yfirleitt finnanlegar um flest, sem þar kemur fram. Rétt er að geta þess hér, að þetta jarðatal var helzt til flauturslega unnið á sinni tíð, og eru margar prentvillur og aðrar villur í bókinni. Því er henni varlega treystandi.⁵⁸

Titill bókar Björns ber með sér að ofangreind niðurstaða hans byggðist á nákvæmum rannsóknum á eignarhaldi á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu og verður að telja niðurstöðu hans mjög vel grundvallaða og marktæka. Ummæli Björns eiga við um Ytri-Sólheima – þar fer Johnsen villu vega.

Sá mæti maður, Jón Guðmundsson sýslumaður og alþingismaður, síðar ritstjóri Þjóðólfs klúðrar 10 álnum fornum af Hjáleigunni í yfirmati sumarið 1850. Kannski voru yfirmatsmenn í tjaldi á þingstað

⁵⁸ Björn Teitsson. 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Bls 15.

að Kleifum á Síðu og án allra skjala um fornan dýrleika og þá skráð eftir minni? Í *Nýrri jarðabók 1861* er villan enn við lýði.

Við uppboð Sólheimatorfu 20 október 1869 lukkast Árna sýslumanni Gíslasyni ekki að helminga 7 H og 50 al. í 3 ½ H og 25 al eða 3 H og 85 al.

Engin leið er að sjá hvenær menn tóku þann kost fyrst að helminga dýrleikann, eins og gert er í uppboðinu. Eftir það var trauðla aftur snúið. Jón ritstjóri tók að sér að sækja jörðina úr höndum þeirra sem hana hrepptu við uppboðið. Hver sem sannfæring hans hefur verið, var vænlegast að krefja Landsyferrétt um dóm byggðan á dýrleika uppboðsins. Eftir það var almannarómur að kaupa- og kirkjuhluti Sólheimatorfu væri 100 H forn, til þess dags haustið 2016 að ég sá hvernig Þorsteinn Bjarnason skráir árið 1753. Þá varð mér ljóst að vitnisburður séra Þorláks árið 1593 var réttur um að kaupahlutinn var tíundaður 100 H og þá torfan öll 200 H. Það eru sennilega engin dæmi þess að miðaldamenn hafi logið uppá sig kirkjueignir?

Jón Guðmundsson ritstjóri var hæfur málafærslumaður og lauk málssókninni með dómi Landsyferréttar 27. nóvember 1871, þar sem uppboðsgjörðin var ómerkt og Ytri-Sólheimar gengu til fyrri eigenda. Gögn uppboðsmálsins: sókn, stefnu og dóm, ásamt frásögn Eyjólfss Guðmundssonar hreppsstjóra og rithöfundar á Hvoli setti ég inn sem málsgögn hæstaréttarmálsins og eru það 22 blaðsíður. Í þessum fjórum heimildum er endurtekið að dýrleiki kaupahlutans sé 50 H. Sýnilega er síðari heimild ætíð að vitna í þá fyrri.

Ég legg hér ekki fram fleiri gögn uppboðsmálsins, þau eru ekki ný inn í hæstaréttarmálið, nú við endurupptöku. Mér finnst sérkennilegt að Hæstiréttur skrifaði ekki stafkrók um dóm Landsyferréttar 27. nóvember 1871. Það mat mitt er ekki ný sönnunargögn í málinu.

Málsskjalið Hdskj. 51. Um fornan dýrleika Sólheimatorfu 100 H og skiptingu eftir mati 1861 sóttu matsmenn til eigenda um að austurjarðirnar eru hálf torfan og annað þar eftir. Þá var engin lygaþvæla í gangi að „traktera“ dómara um „gleymd fjögur hundruð forn“. Í gögnum málsins nr. 610/2007 eru nægar heimildir til að rétta söguna. Lokaskýrsla jarðamatsmanna Vestur-Skaftafellssýslu frá árinu 1918 er merkilegt plagg og þess vert, að um sé skrifað, hvernig gáfaðir menn tókust á við þá ófæru, sem ráðgefandi Alþingi Íslendinga steypiti þjóðinni úti á níjtjándu öld, með nýju jarðamati - ótengdu við eignarrétt! Vettvangur fyrir þau skrif gefst ekki hér.

Sagnfræðingar Óbyggðanefndar skrifa um Ytri-Sólheima í skýrslu árið 2003. Allt sækja þeir í eldri skrif, það geri ég einnig, mestanpart. Þeir leggja útaf textum, svo sem vera ber og ég tek ofan fyrir þeim, þótt þeir dragi ranga ályktun um uppruna á skráningunni „...1 HH 2 al...“ í *Jarðabókinni 1806* og telji dýrleikann kominn frá *Jarðabókinni 1686*, annað fara þeir rétt með.

Skýrsla Óbyggðanefndar hefði átt að vekja dómara Hæstaréttar til að skoða sjálfir *Jarðabókina 1806* - að skoða sjálfir á hverju þeir ætluðu að byggja dóm sinn? Nei, það gerðu þeir ekki. Áreiðanlega er þessu fólki annt um virðingu sína, en hvað veldur svona glöpum? Það er fleirum en mér hættulegt að búa við ónýt dómssvald í landinu.

„Réttarríki er til af því að við viljum að það sé til. Ef við hins vegar fáum þann skilning að stofnanir þess séu plat þá fjarar undan því. Það má ekki gerast. Dómstólar þurfa því að vinna sér traust með réttlátum og yfirveguðum dómum. Geri þeir það ekki er hætt við að þeir grafi sér gróf.“

Orð Ögmundar Jónassonar fyrrverandi dómsmálaráðherra þann 3. desember 2020, á vefnum: www.ogmundur.is

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þær 28 heimildir, sem ég hef fundið um dýrleika Sólheimatorfu. Þar af eru 15 nýjar heimildir.

Nr.	Heimildir	Skilgreindur dýrleiki	Dýrleiki eignarmanna	Í Hæstarétti, nr. 610/2007	Athugasemdir
1	Gíslamáldagar 1570	100		Já	
2	Máldagi Odds biskups 1593	200	100	Nei	kaup og kirkju
3	Norsk sending frá 1597	100		Nei	
4	Vísitasía Brynjólfs biskups 3.10.1648	100	100	Nei	bóndaeign
5	Vísitasía Brynjólfs biskups 28.9.1660		99 5/6	Nei	bóndaeign ⁵⁹
6	Vísitasía Brynjólfs biskups 18.9.1669		100,5	Nei	eignarmenn ⁶⁰
7	Vísitasía Þórðar biskups 27.9.1677	100		Nei	eignarmenn
8	Jarðabók konungsvalds 1686	122 og 1 ?		Nei	Reikn. dýrl. ⁶¹
9	Jarðabók 1695 þ.e. hluti AM 463 fol.	100		Nei	bændaeign ⁶²
10	Jarðabók 19. maí 1697 þ.e. hluti af AM 463 fol.	100	99,6	Já, afrit	bændaeign ⁶³
		108 1/3			Reikn. dýrl.
11	Handrit frá um 1720: ÍBR 22 8vo	100		Nei	
12	Vísitasía Jóns Árnasonar 20.6.1724		100	Nei	eigendur
13	Vísitasía Jóns Árnasonar 30.6.1741		100	Nei	eigendur
14	Jarða- og bændatal 1753	200 H 40 al	100 H 40 al	Nei	Kirke jord Proprietari jord
15	Jarðabók Skúla fógeta 1760 (skrifstofuverk úr eldri gögnum)	120 H 20 al		Já	Dýrleiki? ⁶⁴
		100 H			kaupahluti
16	Vottað á Dyrhólaþingi 10. nóv.1759	100		Nei	B eign ⁶⁵
17	Veðmálaregistur um 1800	100		Já	Eigenmanna
18	Jarðabók, fyrir dönsk stjórnvöld 1806	100 H	100	Já	Selvejerjord
		120 H 2 al			Frá Skúla
19	Sóknarlýsingar 1840	100		Já	
20	Jarðabók 1844, ÍB 22 fol	100	100	Nei	kaupahluti
21	Jarðatal Johnsens 1847 (uppskrift gamalla handrita)	107 5/12 H		Já	Röng tilvísun
		120 H 20 al			Frá Skúla
22	Ný jarðabók fyrir Ísland 1861	52,1		Já	Nýtt mat
		100			Kaupahluti
23	Uppboð Sólheimatorfu 1869	100		Já	eignin öll
24	Sókn í uppboðsmáli 1871	100		Já	
25	Dómur í uppboðsmáli 1871	100		Já	
26	Jarðamatsgögn árið 1918	100		Já	
27	Rit Eyjólfss á Hvoli um 1940	100		Já	
28	Óbyggðanefnd, skýrsla 2003	120 H 20 al		Já	Frá Skúla. ⁶⁶
		100			bændaeign

⁵⁹ Í vísitasíunni er partur Guðrúnar Ormsdóttur talinn 1/6 minni en í vísitasíunum á undan og eftir.

⁶⁰ Í vísitasíunni er skráð svo: „Hákon Þorsteinsson 34 hndr. eða því nærri“

⁶¹ Jarðabókin er öll skráð samkvæmt reiknireglu Rentukammers um dýrleika. Dýrleikar sem standa á broti eru auk þess allir rangt reiknaðir. Ytri-Sólheimar eru skráðir 122 H og 120 álnir, sem er álíka vitlaust og að segja að eitthvað kosti 122 kr og 100 aura. Í jarðabókinni er landskuldin skráð 6 H og 15 álnir: Rétt reiknað verður það: $(6 \cdot 120 + 15) \cdot 20 = 14.700$ álnir. Því næst: $14.700 / 120 = 122 \frac{1}{2}$ H = 122 H og 60 álnir. Heimild: *The Old Icelandic Land Registers*.

⁶² Skráð, þinglýst og vottað á Leiðvallarþingi, fyrir Skaftafellssýslur, 21. september 1695.

⁶³ Skráð samkvæmt dagsetningu og vottuðum eignarskjöllum, lokið af sýslumönnum Skaftafellssýslu, 19. maí 1697.

⁶⁴ Skúli skráir undarlegan dýrleika; þ.e. að höfuðból er skráð með broti, samkvæmt HVERJU? Er skráningin glöpp dansks skrifara?.

⁶⁵ Skýrsla Lýðs sýslumanns Guðmundssonar m.a. um halldinn dýrleika jarða á Dyrhólaþingi, vegna tugthústolla.

⁶⁶ Dýrleikinn 120 H og 20 al eða 2, er í öllum tilvikum rakinn til jarðabókar Skúla fógeta og hefur aldrei verið notaður til að skilgreina eignarhlut, eins og kemur raunar fram í ágætri umfjöllun Óbyggðanefndar.

Skjal þetta: „20201208_Sólheimatorfa_endurupptaka.pdf“ sendi ég rafrænt til hins virðulega Endurupptökudóms.

Auk þess sendi ég til dómsins skjölin:

- 1) 20201208_Sólheimatorfa_heimildir.pdf
- 2) 20170330_Sólheimatorfa_greinar.pdf
- 3) 20180619_Sólheimatorfa_greinar.pdf
- 4) Haestirettur_610_2007.pdf

Með vísan til allra framangreindra málsatvika, sönnunargagna, ríkra hagsmuna og lagaraka ítreka ég gerðar kröfur og legg málið í hendur virðulegs Endurupptökudóms, með fyrirvara um að fá að senda frekari gögn og eftir atvikum svara þeim mótmælum eða athugasemdum sem fram kunna að koma við meðferð málsins fyrir Endurupptökudómi.

Virðingar fyllst,

Tómas Ísleifsson.